

Nd.

219. Tillaga

til þingsályktunar um vegamál.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson,
Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um:

1. Að akvegir verði ekki gerðir mjórri en 4 metrar.
2. Að steinstöplar verði settir upp á vegbrúnum til varnar akstri út af vegum, þar sem hátt er niður af veginum, öðrum megin eða beggja.
3. Að brýr yfir ræsi í vegum verði gerðar jafnbreiðar vegunum og nægilega þykk steypa í brúnum, til þess að þær haldist í sömu hæð sem vegurinn.
4. Að kappkostað verði að gera akbrautir að brúm sem beinastar.

5. Að sérstakir eftirlitsmenn verði alstaðar hafðir með þjóðvegum, er tilkynni vegamálastjóra tafarlaust um nauðsynlegar viðgerðir, og láti hann framkvæma þær þegar í stað. Þar sem bifreiðaeftirlitsmenn ríkisins eru á vegum, skulu þeir skyldir að senda vegamálastjóra slíkar tilkynningar.
6. Að viðvörðunar- og hættumerki verði sett alstaðar meðfram akvegum, þar sem slyshætta er fyrir bifreiðaaakstur, svo sem í hæfilegri fjarlægð frá kröppum beygjum, bröttum brekkum, brúm, hliðum, vegamótum eða vegaköflum, sem eru í aðgerð.
7. Að leiðarvisir verði festur upp við vegamót, er sýni vegalengd til helztu staða nærlendis.
8. Að undirbúin verði almenn vegalög og lögð fyrir næsta þing, þar sem ákvæði séu sett um væntanlega akvegagerð næstu 5 ár, kostnaðaráætlun gerð fyrir hvern veg og ákveðið, í hvaða röð vegirnir skuli lagðir. Samskonar áætlun verði gerð um slitlag á vegum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er fram komin í því skyni, að bætt verði úr ýmsum áberandi göllum á vegamálunum, vegirnir verði gerðir nægilega breiðir til þess að bifreiðar geti mæzt á þeim viðstöðulítið, varnarstöplar verði settir á vegarbrúnunum, þar sem hátt er niður, hættumerki þar, sem þess er þörf, geilar inn í veginn við brýr á ræsum verði ekki lengur fallgryfjur, og hætt sé við að hafa hina frægu Z-lögun á vegunum næst brúnum. Þess skal getið, að breidd fólksbifreiða er leyfð nú 182 sentimetrar, en var áður leyfð 175 sm. Nú er verið að sækja um undanþágur fyrir 184 sm. breidd á vörubifreiðum.

Þá verði og leiðarvisir settur á spjöld á vegamótum. Loks er ríkisstjórninni falið að undirbúa með lagafrumvarpi vegagerð á næstu árum, sem hægt sé að fara eftir árlega, þegar til fjárveitinga kemur.

Flestallar þessar ráðstafanir eru sjálfsgæðar, og hefði vegamálastjóri fyrir löngu átt að koma þeim í framkvæmd.